



Áfangalýsing ML

Titill:	Lagasmíðar og upptaka
Námsgrein:	Listir og hönnun
Viðfangsefni:	Lagasmíðar og upptaka
Skammstöfun:	LIST2LU04
Þrep:	2
Einingafjöldi:	4
Lýsing:	Í þessum áfanga skoðaðar hljóðupptökur og greind lög. Farið verður í hvernig lög eru byggð upp, hvernig þau kaflaskiptast. Hvernig þau eru útsett og hvernig þau eru samin. Eyrin verða æfð til að greina hvaða hljóðfæri eða element eru til staðar í lagaútsetningu. Farið verður í hljómhreyfingar og hvernig þær hafa áhrif á lagasmíðar og útsetningar. Meirihluti áfangans mun snúa að sköpunarkraftinum og verða búnað til allskonar æfingar til að setja huganum takmörk svo að hann geti blómstrað innan ákveðins tónramma. Unnin verða bæði einstaklings og hópaverkefni. Að sjálfsögðu er síðan skapað rými til að búa til ný lög. Í hinum hluta áfangans verður fjallað um hljóðupptökur sem fræðigreinin. Þróun hennar í gegnum söguna, notagildi hennar og tengsl við menninguna. Fjallað verður um hvernig upptökur hafa skapað söluvöru sem hefur svo búið til viðskipti með tónlist og tónlistarbransann svo eitthvað sé nefnt. Það verður skoðað hvernig tónlistin hefur mótað manneskjuna og menninguna og hvernig tónlist hefur breytt heiminum. Áhersla er lögð á verkefnavinna. Það eru sett fyrir verkefni í upptökum og ein ritgerðir og eitt upptökuverkefni ásamt lokaverkefni sem er að skila frá sér heilu lagi. Nemendur munu þurfa að vinna sjálfstætt og í hópum. Það er ætlast til þess að nemendur efli sjálfstæð vinnubrögð og æfist í hæfni sinni til að skilja hljóð og notkun á tólum til að vinna hana.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast:
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
Hæfniviðmið:	Lögð er áhersla á að nemandi:
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka
